Genie
A TEREX BRAND

Stjórnandahandbók

Raðnúmerasvið

GS™-3384
GS™-3390
GS™-4390
GS™-5390

frá GS84F-46000
frá GS84D-401
frá GS90F-56000
frá GS90D-3201

CE
UK
CA

með
viðhaldsupplýsingum

Þýðing á upprunalegum
notkunarreglum
Sixth Edition
Fourth Printing
Part No. 1305658ISGT

Manufacturer:

Terex Global GmbH
Bleicheplatz 2
Schaffhausen, 8200
Switzerland

EU Authorized representative:

Genie Industries B.V.
Boekerman 5
4751 XK OUD GASTEL
The Netherlands

UK Authorized representative:

Genie UK Limited
The Maltings
Wharf Road
Grantham
NG31 6BH
UK

Efni

Inngangur 1
Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu 5
Almennt öryggi 8
Öryggi manna 10
Öryggi á vinnusvæði 11
Skýringartexti 20
Stjórntæki 21
Skoðanir 27
Notkunarleiðbeiningar 38
Leiðbeiningar um flutning og lyftingu 49
Viðhald 53
Tæknilýsing 57

Höfundarréttur © 2002 Terex Corporation

Sjötta útgáfa: Fjórða prentun, Ágúst 2023

Genie er skrásett vörumerki Terex South Dakota, Inc. í Bandaríkjunum og fjölda annarra landa.

„GS“ er vörumerki Terex South Dakota, Inc.

CE Uppfyllir EB tilskipun 2006/42/EB
Sjá EB-samræmisyfirlýsingu

UKCA (Öryggis)reglur um veitingu á vélbúnaði 2008

Inngangur

Um þessa handbók

Við hjá Genie erum þakklát fyrir að vél okkar hafi orðið fyrir valinu. Öryggi notenda nýtur forgangs hjá okkur og því náum við best í samvinnu við þá. Þetta er handbók um notkun og daglegt viðhald fyrir notendur Genie-véla.


Líta ætti á handbók þessa sem varanlegan hluta af vélinni og hún ætti alltaf að fylgja henni. Ef einhverjar spurningar vakna skal hafa samband við Genie.

Auðkenning vöru

Raðnúmer vélarinnar má sjá á raðnúmeramerkimiða.

Raðnúmerið er stimplað á undirvagninn

Raðnúmeramerkimiði (undir hlífinni)



Ætluð notkun og leiðbeiningar

Þessi vél er aðeins ætluð til að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum þess og efni, að vinnusvæði yfir jörðu. Áður en vélin er notuð ber stjórnandi ábyrgð á því að lesa og skilja þessar leiðbeiningar.

- ☑ Hver einstaklingur þarf að fá þjálfun til að nota færanlega og hækkanlega vinnupalla (MEWP).
- ☑ Hver einstaklingur sem hefur til þess heimild og þjálfun og er til þess hæfur skal kynna sér notkun kranans.
- ☑ Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk ætti að fá leyfi til að nota vélina.
- ☑ Stjórnandinn ber ábyrgð á að lesa, skilja og hlýða leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum í stjórnandahandbókinni.
- ☑ Stjórnandahandbókin er staðsett í handbókargeymslunni á pallinum.
- ☑ Upplýsingar um ákveðna notkun vöru er að finna í **Samband haft við framleiðanda**.

Inngangur

Tákn fyrir stjórntæki á palli og tengdar hreyfingar vélarinnar:



Hnappur til að virkja lyftuaðgerðir (þegar þumalveltirofinn er hreyfður upp eða niður)



Stýra til hægri/vinstri



Hnappur fyrir stoðfótavirkni (þegar þumalveltirofinn er hreyfður upp eða niður)



Hnappur fyrir sjálfvirka stillingu stoðfótar (þegar þumalveltirofinn er hreyfður upp eða niður)

Tákn fyrir stjórntæki á jörðu niðri og tengdar hreyfingar vélarinnar:



Hnappur til að virkja lyftuaðgerðir



Lyftihnappur pallsins



Lækkunarhnappur pallsins

Raðbundnar aðgerðir og hreyfing:

- Akstur og stýring.

Samfastar aðgerðir:

- Lyfta og aka.
- Akstursshraði með pall uppi.
- Akstursshraði með pall uppi og ekki á jafnsléttu.
- Öll stjórntæki á palli og jörðu niðri.

Notkunartakmarkanir:

- Þessi vél er aðeins ætluð til að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum þess og efni, að vinnusvæði yfir jörðu.
- Ekki hækka pallinn nema vélin standi á traustri jafnsléttu.

Inngangur

Dreifing á tilkynningum og eftirfylgni við þær

Öryggi notenda er Genie afar mikilvægt. Genie sendir frá sér ýmsar tilkynningar til að miðla mikilvægum upplýsingum um vörur og öryggismál til umboðsaðila og eigenda véla.

Upplýsingarnar í þessum tilkynningum eru merktar einstökum vélum með gerð og og raðnúmeri.

Dreifing á tilkynningum miðast við nýjustu upplýsingar um eiganda og viðkomandi söluaðila. Það er því mikilvægt að skrá vélina og uppfæra samskiptaupplýsingar.

Gættu þess að fylgja viðeigandi tilmælum í tilkynningum til að tryggja öryggi starfsmanna og áreiðanleika vélarinnar.

Kíktu á vefsvæðið okkar, www.genielift.com, til að skoða opnar tilkynningar um vélina þína.

Samband haft við framleiðanda

Stundum gæti reynst nauðsynlegt að hafa samband við Genie. Í slíkum tilfellum skal gefa upp númer gerðarinnar og raðnúmer vélarinnar, auk nafns og samskiptaupplýsinga. Alltaf skal hafa samband við Genie vegna:

Tilkynningar um slys

Spurninga varðandi notkun og öryggi

Upplýsingar um staðla og reglugerðir

Upplýsinga um núverandi eiganda, svo sem eignarhaldsbreytinga á vél eða breyttra samskiptaupplýsinga. Sjá Eignarhaldsbreytingu, fyrir neðan.

Eignarhaldsbreyting á vél

Með því að gefa þér nokkrar mínútur í að uppfæra upplýsingar um eiganda tryggir þú að þú fáir mikilvægar upplýsingar um öryggi, viðhald og notkun vélarinnar.

Skráðu vélina með því að fara á www.genielift.com eða hringja gjaldfrjálst í okkur í síma 1-800-536-1800.

Inngangur



Hætta

Misbrestur á að hlýða leiðbeiningunum og öryggisreglunum í þessari handbók mun leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla.

Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Þú forðist hættulegar aðstæður.

Þekktu og skildu öryggisreglurnar áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum—öryggis- og stjórnandahandbókum og límmiðum á vélinni.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öryggisreglum vinnuveitanda og reglum vinnusvæðisins.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öllum viðeigandi stjórnarreglugerðum.

☑ Þú hafir rétta þjálfun til að nota vélina á öruggan hátt.

Viðhald öryggisskilta

Skiptu um horfin eða skemmd skilti. Hafðu öryggi stjórnenda vélarinnar í huga öllum stundum. Notaðu milda sápu og vatn til að hreinsa öryggisskilti. Ekki nota hreinsiefni sem byggjast á leysiefnum því þau geta skemmt öryggisskiltin.

Flokkun hættu

Límmiðar á Genie-vörum nota tákn, litakóða og áhersluorð til að tilgreina eftirfarandi:



Öryggisviðvörunartákn – notað til að vara starfsfólk við hugsanlegri hættu á líkamsmeiðslum. Hlýddu öllum öryggisskilaboðum sem fylgja þessu tákni til að forðast möguleg meiðsli eða dauða.



⚠HÆTTA Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem geta valdið dauða eða alvarlegum meiðslum ef ekki er brugðist við hættunni.

⚠AÐVÖRUN Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem geta valdið dauða eða alvarlegum meiðslum ef ekki er brugðist við hættunni.



⚠VARÚÐ Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem geta valdið minniháttar meiðslum.

TIL ATHUGUNAR Gefur til kynna eignatjón.



Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu

 Lestu handbók fyrir stjórnanda tækisins	 Lestu þjónustuhandbókina	 Hætta á að kremjast	 Hætta á að kremjast	 Árekstrarhætta
 Hætta á veltu	 Hætta á veltu	 Hætta á veltu	 Hætta á veltu	 Hætta á raflosti
 Hætta á raflosti	 Sprengihætta	 Eldhætta	 Hætta á bruna	 Hætta á stungu í húð
 Virkjaðu öryggisarm	 Haltu þig frá hlutum á hreyfingu	 Haltu þig frá stoðfótum og dekkjum	 Færðu vélina niður á slétta jörð	 Lokaðu hólfi á undirvagni


Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu

				
Láttu pallinn síga.	Ekki setja upp þar sem ekki er hægt að slétta úr með stoðfótum	Haltu þig í hæfilegri fjarlægð	Aðeins þjálfað viðhaldsstarfsfólk ætti að opna hólf	Notaðu pappaspjald eða pappír til að leita eftir leka
				
Skorðaðu hjólin	Slepptu hemlunum	Bindipunktur	Tengistaður fyrir dragreipið	Reykingar bannaðar.
				
Hjólahleðsla	Lyftipunktur	Handafl	Vindhraði	Álag á stoðfót


Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu

				
Vinnsluspenna á afli til pallsins	Málþrýstingur fyrir loftlögn til pallsins	Hámarksburðargeta	Hætta á að kremjast	Haltu í handriðið á meðan lækkað er
				
Árekstrarhætta	Skorðaðu hjólin	Pallur ofhlaðinn	Notist aðeins innandyra	Varalækkun
				
Flutningsmynd				

Almennt öryggi



Almennt öryggi



Öryggi manna

Fallvörn

Ekki er krafist persónulegs fallvarnarbúnaðar þegar þessi vél er notuð. Ef vinnusvæði eða reglur atvinnurekanda krefjast slíks búnaðar skal eftirfarandi eiga við:

Allur persónulegur fallvarnarbúnaður verður að fylgja viðeigandi opinberum reglugerðum og verður skoðun og notkun að vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Hætta á raflosti

Þessi vél hefur ekki verið einangruð fyrir rafmagni og mun því ekki veita vörn gegn snertingu eða nálægð við rafstraum.



Hlýddu öllum viðeigandi staðbundnum reglum varðandi fjarlægð frá rafspennulínum. Lágmarksfjarlægð er sýnd í töflunni hér að neðan og þeim fyrirmælum verður að fylgja í það minnsta.

Spenna línu	Áskilin fjarlægð	
0 til 50kV	10 fet	3,05 m
50 til 200kV	15 fet	4,60 m
200 til 350kV	20 fet	6,10 m
350 til 500kV	25 fet	7,62 m
500 til 750kV	35 fet	10,67 m
750 til 1000kV	45 fet	13,72 m

Gerðu ráð fyrir hreyfingu pallsins, sveiflum og sigi á raflínum og varastu mikinn vind og vindhviður.



Haltu þig frá vélinni ef hún snertir raflínur með straumi á. Starfsfólk á jörðu niðri eða á pallinum má ekki snerta eða nota vélina fyrr en straumur hefur verið tekinn af raflínunum.

Ekki nota vélina í eldingaveðri eða stormi.

Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsuðu.

⚠ Hætta á veltu

Farþegafjöldi, búnaður og efni mega ekki fara umfram hámarksburðargetu pallsins eða hámarksburðargetu framlengingarinnar á pallinum.

Hámarksburðargeta framlengds palls	
Hámarksfjöldi farþega	2 einstaklingar (hver framlengdur pallur)
Eingöngu framlengdur pallur	500 pund / 227 kg (hver framlengdur pallur)

Hámarksburðargeta – GS-3384 og GS-3390		
Hámarksfjöldi farþega		7
Gerðir með einum framlengingarpalli		
Pallur dreginn inn	2.500 pund	1.134 kg
Eingöngu pallur	2000 pund	907 kg
Eingöngu framlenging	500 pund	227 kg



Eingöngu framlenging 500 pund / 227 kg	Eingöngu pallur 2.000 pund / 907 kg

Gerðir með tveimur framlengingarpöllum		
Pallur dreginn inn	2.500 pund	1.134 kg
Pallar með einni framlengingu úti	2.000 pund	907 kg
Pallar með tveimur framlengingum úti	1.500 pund	680 kg
Hver framlenging eingöngu	500 pund	227 kg



Eingöngu framlenging 500 pund / 227 kg	Eingöngu pallur 1.500 pund / 680 kg	Eingöngu framlenging 500 pund / 227 kg

Öryggi á vinnusvæði

Hámarksburðargeta – GS-4390		
Hámarksfjöldi farþega		7
Gerðir með einum framlengingarpalli		
Pallur dreginn inn	1.500 pund	680 kg
Eingöngu pallur	1.000 pund	454 kg
Eingöngu framlenging	500 pund	227 kg



Eingöngu framlenging 500 pund / 227 kg	Eingöngu pallur 1.000 pund / 454 kg

Gerðir með tveimur framlengingarpöllum		
Pallur dreginn inn	1.500 pund	680 kg
Pallar með einni framlengingu úti	1.000 pund	454 kg
Pallar með tveimur framlengingum úti	500 pund	227 kg
Eingöngu framlenging	500 pund	227 kg



Eingöngu framlenging 500 pund / 227 kg	Eingöngu pallur 500 pund / 227 kg	Eingöngu framlenging 500 pund / 227 kg

Hámarksburðargeta – GS-5390		
Hámarksfjöldi farþega		4
Gerðir með einum framlengingarpalli		
Pallur dreginn inn	1.500 pund	680 kg
Eingöngu pallur	1.000 pund	454 kg
Eingöngu framlenging	500 pund	227 kg



Eingöngu framlenging 500 pund / 227 kg	Eingöngu pallur 1000 pund / 454 kg

Gerðir með tveimur framlengingarpöllum		
Pallur dreginn inn	1.500 pund	680 kg
Pallar með einni framlengingu úti	1.000 pund	454 kg
Pallar með tveimur framlengingum úti	500 pund	227 kg
Hver framlenging eingöngu	500 pund	227 kg



Eingöngu framlenging 500 pund / 227 kg	Eingöngu pallur 500 pund / 227 kg	Eingöngu framlenging 500 pund / 227 kg

Öryggi á vinnusvæði



Ekki lyfta pallinum nema vélin sé á traustu, láréttu undirlagi.



Ekki treysta á hallaaðvörunina sem stöðuvísi. Hallaaðvörunin hljómar eingöngu á pallinum þegar vélin er í miklum halla.

Ef hallaaðvörunin hljómar:
Láttu pallinn síga. Færðu vélina á traust, lárétt yfirborð. Ef hallaaðvörunin hljómar á meðan pallurinn er uppi skaltu lækka hann afar gætilega.

Ekki aftengja eða breyta markarofum eða hornanema.

Aktu ekki á yfir 0,7 mílur/klst./1,1 km/klst. með pallinn uppi.

Ekki nota stjórntæki pallsins til að losa pall sem er fastur, kræktur eða á annan hátt hindraður frá eðlilegri hreyfingu af aðliggjandi mannvirki. Allt starfsfólk verður að fara af pallinum áður en reynt er að losa hann með stjórntækjunum á jörðu niðri.



Ekki ýta frá eða draga í átt að neinum hlut utan pallsins.

Leyfilegt hámarkshandafl	
GS-3384	90 pund / 400 N
GS-3390	90 pund / 400 N
GS-4390	90 pund / 400 N
GS-5390	90 pund / 400 N

Ekki nota vélina sem krana.

Ekki ýta vélinni eða öðrum hlutum með pallinum.

Ekki snerta aðliggjandi mannvirki með pallinum.

Ekki binda pallinn við aðliggjandi mannvirki.

Ekki setja byrðar utan jaðars pallsins.

Öryggi á vinnusvæði

Ekki hækka pallinn þegar hætta er á að vindhraði fari yfir 28 mílur/klst./12,5 m/s. Ef vindhraði fer yfir 28 mílur/klst./12,5 m/s þegar pallurinn er á lofti skal láta pallinn síga og hætta notkun vélarinnar.



Ekki nota vélina í sterkum vindi eða roki. Ekki auka yfirborðssvæði pallsins eða byrðarinnar. Ef svæðið er stækkað og það er berskjaldað fyrir vindi dregur það úr stöðugleika vélarinnar.



Ekki keyra vélina á eða nálægt ójöfnu landslagi, óstöðugu yfirborði eða við aðrar hættulegar aðstæður með pallinn hífðan.

Gættu sérstakrar varúðar og dragðu úr hraða þegar vélin er keyrð í frágenginni stöðu yfir ójafnt undirlag, rusl, óstöðugt eða hált yfirborð og nærri holum og þverhnípi.

Ekki breyta eða afvirkja einingar vélarinnar sem á einhvern hátt hafa áhrif á öryggi og stöðugleika.

Ekki endurnýja hluti sem mikilvægir eru stöðugleika vélarinnar með hlutum sem hafa aðra þyngd eða tæknilýsingu.

Ekki breyta vinnupallinum án fyrir fram fengins skriflegs leyfis frá framleiðandanum. Ef viðbætur til að halda verkfærum eða öðru efni eru festar á pallinn, fóthvílur eða handrið getur það aukið þyngd pallsins og yfirborð pallsins eða hleðslu hans.



Ekki setja eða festa yfirhangandi byrðar við neinn hluta þessarar vélar.



Ekki setja tröppur eða vinnupalla á pallinn eða upp við neinn hluta þessarar vélar.

Ekki flytja verkfæri og efni nema þeim sé jafnt dreift og einstaklingur/-ar á pallinum geti meðhöndlað þau á öruggan hátt.

Ekki nota vélina á yfirborði eða ökutæki sem hreyfist eða er hreyfanlegt.

Gakktu úr skugga um að öll dekk séu í lagi, loftfyllt dekk séu með réttan þrýsting og að felgurær séu vel hertar.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Hætta við notkun í halla

Ekki aka vélinni í brekku sem fer umfram málgildi halla eða hliðarhalla. Málgildi halla á einungis við um vélar í frágenginni stöðu.

Gerð	Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða
GS-3384 GS-3390 GS-4390	50% (26°)	50% (26°)
GS-5390	40% (22°)	40% (22°)

Ath.: Tilgreindur halli er háður aðstæðum á jörðu niðri þegar einn einstaklingur er á pallinum og með nægilegu gripi. Viðbótarþyngd á palli kann að draga úr tilgreindum halla. Sjá Akstur í halla í kafla með notkunarleiðbeiningum.

⚠ Fallhætta

Handriðið veitir vörn gegn falli. Ef þess er krafist að starfsmenn á pallinum noti persónulegan fallvarnarbúnað vegna reglna vinnusvæðis eða atvinnurekanda skal fallvarnarbúnaðurinn og notkun hans vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda búnaðarins og viðeigandi kröfur hins opinbera. Festu dragreipi við akkerið sem fylgir á pallinum.



Ekki sitja á, standa á eða klifra í handriði pallsins. Haltu alltaf góðri fótfestu á gólfi pallsins.



Ekki klifra niður úr pallinum þegar hann er á lofti.

Haltu gólfi pallsins lausu við rusl.

Lokaðu inngönguhliðinu fyrir notkun.


Ekki nota vélina nema handrið pallsins séu almennilega uppsett og inngangurinn sé festur fyrir notkun.

Ekki fara upp á eða af pallinum nema þegar vélin er í frágenginni stöðu.

Tekið hefur verið tillit til hættu sem tengist þeirri notkun vörunnar að fara úr henni í hæð við hönnun vélarinnar, hafðu samband við Genie til að fá frekari upplýsingar (sjá kaflann Samband haft við framleiðanda).

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Árekstrarhætta



Gættu þín á takmarkaðri útsýnisfjarlægð og blindsvæðum þegar ekið er eða unnið.

Gættu þín á takmarkaðri útsýnisfjarlægð þegar vélin er hreyfð.

Vélin verður að vera á láréttu yfirborði eða fest áður en hemlarnir eru losaðir.

Stjórnendur verða að fylgja reglum atvinnurekanda, vinnusvæðis og hins opinbera hvað varðar notkun persónuhlífa.



Hugaðu að fyrirstöðum uppi yfir vinnusvæðinu eða annarri mögulegri hættu.



Gættu þín á hættunni á því að klemma þig þegar þú grípur um handrið pallsins.

Fylgdu og notaðu litakóðuðu stefnuörvarnar á stjórntækjum pallsins og límmiðaplötunni á pallinum við aksturs- og stýringaraðgerðir.



Ekki láta pallinn síga nema svæðið undir honum sé laust við starfsfólk og fyrirstöður.



Takmarkaðu aksturshraða í samræmi við ástand yfirborðs jarðar, þrengsli, halla, staðsetningu starfsfólks og alla aðra þætti sem kunna að valda árekstri.

Ekki nota vélina í slóð krana nema stjórntækjum kranans hafi verið læst og / eða gripið til varúðaraðgerða til að koma í veg fyrir hugsanlegan árekstur.

Engan áhættuakstur eða ærsl þegar vélin er notuð.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Hætta á líkamstjóni

Notaðu ávallt vélina í vel loftræstu rými til að koma í veg fyrir kolmónoxíðeitrun.

Ekki nota vélina ef um er að ræða leka á glussa eða lofti. Leki á lofti eða glussa getur farið í gegnum og / eða brennt húðina.

Röng snerting við íhluti undir hvaða hlíf sem er veldur alvarlegum meiðslum. Aðeins þjálfað viðhaldsstarfsfólk ætti að opna hólf. Aðgangur stjórnanda er aðeins ráðlagður þegar skoðun fyrir notkun er framkvæmd. Öll hólf verða að vera lokuð og læst meðan á notkun stendur.

⚠ Hætta vegna skemmdra íhluta

Notaðu ekki rafgeymi eða hleðslutæki með meiri spennu en 12 V til að ræsa vélina.

Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsuðu.

Ekki nota vélina við aðstæður þar sem mjög öflugt segulsvið getur verið til staðar.

⚠ Sprengihætta og eldhætta

Ræstu ekki vélina ef lykt eða önnur merki eru um fljótandi jarðolíugas (LPG), bensín, dísilolíu eða önnur sprengifim efni.

Dældu ekki eldsneyti á vélina á meðan hún er í gangi.

Aðeins skal setja eldsneyti á vélina og hlaða rafgeyma hennar í vel loftræstu rými fjarri neistum, logum og logandi tóbaki.

Ekki nota vélina eða hlaða rafgeyminn á hættulegum stöðum eða stöðum þar sem mögulega eru eldfimar lofttegundir eða efnisagnir.

Ekki úða eter í vélar með glóðarkerti.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Hætta vegna skemmdrar vélar

Ekki nota skemmda eða bilaða vél.

Framkvæmdu vandlega skoðun á vélinni fyrir notkun og prófaðu allar aðgerðir fyrir hver vaktaskipti. Merktu samstundis skemmda eða bilaða vél og taktu hana úr notkun.

Vertu viss um að allt viðhald hafi verið framkvæmt eins og tiltekið er í þessari handbók og þjónustuhandbók fyrir Genie.

Vertu viss um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir.

Vertu viss um að handbók stjórnanda sé heil, læsileg og í geymsluhólfi vélarinnar.

⚠ Hætta á að kremjast

Haltu höndum og fótum frá krossörmum.

Notaðu heilbrigða skynsemi og skipulagningu þegar þú notar vélina með stjórntækin ofar jörðu. Viðhaltu öruggri fjarlægð milli stjórnanda, vélarinnar og fastra hluta.

Haltu fast um handriðið á pallinum þegar þú togar í pinnana. Gættu þess að handrið pallsins detti ekki.

⚠ Öryggi stoðfótar

Hætta á veltu

Ekki lækka stoðfæturna nema vélin standi á traustri jafnsléttu. Forðastu brúnir, holur, ótraust eða hált yfirborð og aðrar varasamar aðstæður.

Þegar sjálfvirka stillingin er ekki notuð og stoðfæturnir eru lækkaðir hver fyrir sig þarf fyrst að lækka stoðfæturna stýrismegin.

Ekki lyfta pallinum nema vélin sé lárétt. Ekki stilla vélinni upp á yfirborði þar sem ekki er hægt gera hana lárétta með því að nota eingöngu stoðfæturna.

Ekki hækka pallinn nema allir fjórir stoðfæturnir hafi verið lækkaðir, allir stuðningsfætur nemi við jörðu og vélin sé lárétt.

Ekki færa stoðfæturna á meðan pallurinn er hífður.

Ekki aka á meðan stoðfæturnir eru niðri.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Öryggi rafgeymis

Hætta á bruna



Rafgeymar innihalda sýru. Alltaf skal vera í hlífðarfatnaði og með augnhlífar þegar unnið er við rafgeyma.

Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.

Ekki hafa rafgeyma eða hleðslutæki berskjölduð gagnvart vatni eða rigningu.

Sprengihætta



Haltu neistum, logum og logandi tóbaki frá rafgeymum. Rafgeymar gefa frá sér sprengifimt gas.

Hólfið ætti að vera opið allt hleðsluferlið.



Ekki snerta rafgeymaskautin eða kapalklemmurnar með verkfærum sem gætu valdið neistum.



Hætta vegna skemmda á íhlutum

Ekki nota neitt hleðslutæki stærra en 24 V til að hlaða rafgeymana.


Frágangur eftir hverja notkun

1 Veldu örugga staðsetningu til að leggja vélinni – traustan, láréttan flöt, lausan við fyrirstöður og umferð.

2 Láttu pallinn síga.

3 Snúðu lykilrofanum í af-stöðu og fjarlægðu lykilinn til að fyrirbyggja óheimila notkun.


Skýringartexti




1 Tengistaður fyrir dragreipið
2 Innstunga með lekaliða
3 Stjórntæki palls
4 Inngönguhlið palls
5 Læsingarhandfang á framlengingu palls
6 Hliðarhandrið pallsins
7 Geymsluílát handbókar
8 Framlenging á pallinum
9 Stoðfótarhásing (ef stoðfætur fylgja)
10 Stoðfótarhásing (ef stoðfætur fylgja)
11 Stjórntæki á jörðu niðri með LCD-upplýsingaskjá
12 Hallaaðvörun(á bak við stjórnborð á jörðu niðri)
13 Uppgöngutrappa
14 Stýridekk
15 LPG-geymir
16 Glussatankur (á bak við hlíf)
17 Föst dekk
18 Eldsneytisgeymir(á bak við hlíf)
19 Rafmagn fyrir pall (sést ekki)
20 Öryggisarmur(sést ekki)
21 Burðargetumælir (sé hann til staðar)

Stjórntæki

Stjórntækin á jörðu niðri skal nota til að hækka pallinn fyrir aðgerðapróf og geymslu. Hægt er að nota stjórntækin á jörðu niðri í neyðartilvikum til að bjarga óstarfhæfum einstaklingi á pallinum.




eða




Stjórnborð á jörðu niðri fyrir Ford MSG-425 EFI, Deutz DL2011 L03i, Deutz D436 véls

Stjórntæki



eða



Stjórnborð á jörðu niðri fyrir Deutz D2.9 L4, Deutz TD 2.2 49 HP, Weichai WP3.2 véls

Stjórntæki

Stjórnborð á jörðu niðri

1 Virknihnappur fyrir lyftingu

Ýttu á þennan hnapp til að virkja lyftuaðgerðir.

2 Rauður neyðarstöðvunarhnappur

Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðuna. Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna til að nota vélina.

3 Lykilrofi fyrir valið pallur / af / jörð

Snúðu lyklinum í pallstöðu til að virkja stjórntæki á palli. Snúðu lyklinum í af-stöðu til að slökkva á vélinni. Snúðu lyklinum í jarðstöðu til að virkja stjórntæki á jörðu niðri.

4 Ræsihnappur vélar

Ýttu á þennan hnapp til að ræsa vélina.

5 Bensín/LPG vélar: Innsogshnappur
Ýttu á þennan hnapp til að virkja innsogið.

Dísilvélar: Hnappur fyrir glóðarkerti
Ýttu á þennan hnapp til að virkja glóðarkertin.

6 Lækkunarhnappur pallsins

Ýttu á þennan hnapp til að lækka pallinn.

7 Valrofi fyrir lausagang vélar með gaumljósi

Ýttu á þennan hnapp til að velja stillingu fyrir lausagang vélar. Ef kveikt er á ljósi er hraður lausagangur valinn. Ef slökkt er á ljósi er hægur lausagangur valinn.

8 Bensín/LPG vélar: Valrofi fyrir LPG með gaumljósi

Ýttu á þennan hnapp til að velja eldsneyti. Sé kveikt á ljósi er LPG valið. Sé slökkt á ljósi er bensín valið.

9 LCD-upplýsingaskjár

10 Lyftihnappur pallsins

Ýttu á þennan hnapp til að hækka pallinn.

11 Hnappur til að virkja varaafl

Ýttu á þennan hnapp til að virkja varaafl.

12 20 A útsláttarrofi fyrir stjórnkerfi

13 Hnappur fyrir aðstoðarniðurlækkun

Ýttu á þennan hnapp til að virkja aðstoðarniðurlækkun.

14 Rofi fyrir kvörðun hleðslunema (sjá upplýsingar í þjónustuhandbók)

15 Skjár fyrir kvörðun hleðslunema (sjá upplýsingar í þjónustuhandbók)


16 LCD-upplýsingaskjár (ef til staðar)

Skjárinn birtir tímamæli, spennu, olíuþrýsting og hitastig kælivökva. Skjárinn birtir einnig bilanakóða og aðrar þjónustuupplýsingar.

17 Klukkustundamælir (ef til staðar)

Klukkustundamælirinn sýnir fjölda vinnustunda sem vélin hefur verið í notkun.

Stjórntæki



Stjórnborð palls

Stjórntæki

Stjórnborð palls

1 Hnappur til að virkja stoðfót með gaumljósi

Ýttu á þennan hnapp til að virkja hækkun og lækkun hvers stoðfótar.

2 Hnappur fyrir sjálfvirka stillingu stoðfótar

Ýttu á þennan hnapp til að virkja sjálfvirka stillingu.

3 Ræsihnappur vélar

Ýttu á þennan hnapp til að ræsa vélina.

4 Valrofi fyrir lausagang vélar með gaumljósi

Ýttu á þennan hnapp til að velja stillingu fyrir lausagang vélar. Ef kveikt er á ljósi er hraður lausagangur valinn. Ef slökkt er á ljósi er hægur lausagangur valinn.

5 Bensín/LPG vélar: Innsogshnappur

Ýttu á þennan hnapp til að hjálpa til við að ræsa vélina í kulda.

Dísilvélar: Hnappur fyrir glóðarkerti

Ýttu á þennan hnapp til að hjálpa til við að ræsa vélina í kulda.

6 Bensín/LPG vélar: Valrofi fyrir LPG með gaumljósi

Ýttu á þennan hnapp til að velja LPG.

7 Flautuhnappur

Ýttu á þennan hnapp til að flauta. Slepptu hnappinum til að hætta að flauta.

8 Valrofi fyrir rafal með gaumljósi

Ýttu á þennan hnapp til að kveikja á rafalnum. Það kviknar á gaumljósinu. Ýttu aftur á hnappinn til að slökkva á rafalnum.

9 Hnappur fyrir vél í halla með gaumljósi: Takmarkaður vinnuhraði í halla

Ýttu á þennan hnapp til að velja takmarkaðan vinnuhraða í halla.

10 Grænt aflljós/rautt villuljós

Græna aflljósið logar þegar rauði neyðarstöðvunarhnappurinn er togaður út í á-stöðu.

Ef rauða gaumljósið logar skaltu ýta inn og toga út rauða neyðarstöðvunarhnappinn til að stilla kerfið. Ef ljósið er áfram rautt skaltu merkja vélina og hætta notkun á henni.

11 Rauður neyðarstöðvunarhnappur

Ýttu rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðu til að stöðva alla virkni og slökkva á vélinni. Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna til að nota vélina.

12 Rofi til að virkja aðgerð

Haltu inni aðgerðarofanum til að virkja akstursaðgerð.

Stjórntæki

13 Hlutfallsstýringarhandfang fyrir akstur

Færðu stýripinnann í áttina sem bláa örin á stjórnborði pallsins sýnir til að færa vélina í þá átt. Færðu stýripinnann í áttina sem gula örin á stjórnborði pallsins sýnir til að færa vélina í þá átt.

14 Þumalrofi fyrir stýringaraðgerð

Ýttu á vinstri hlið þumalveltirofans svo vélin beygi til vinstri.

Ýttu á hægri hlið þumalveltirofans svo vélin beygi til hægri.

15 Úlnliðshvíla

16 Hnappur til að virkja lyftuaðgerðir með gaumljósi

Ýttu á þennan hnapp til að kveikja á lyftuaðgerðum.

17 Veltirofi til að hreyfa stoðfót og pall upp og niður

Þegar gaumljós hnappsins fyrir sjálfvirka stillingu logar færirðu veltirofann upp til að hækka stoðfæturna. Færðu veltirofann niður til að lækka stoðfæturna.

Þegar gaumljós fyrir hnapp til að virkja tiltekinn stoðfót logar færirðu veltirofann upp til að hækka stoðfótinn. Færðu veltirofann niður til að lækka stoðfótinn.

Þegar gaumljós fyrir hnapp til að virkja lyftuaðgerðir logar færirðu veltirofann upp til að hækka pallinn. Færðu veltirofann niður til að lækka pallinn.

Skoðanir



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

Þekktu og skildu skoðun fyrir notkun áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði skoðunar fyrir notkun

Það er á ábyrgð stjórnanda að framkvæma skoðun fyrir notkun og hefðbundið viðhald.

Skoðun fyrir notkun er sjónræn skoðun, framkvæmd af stjórnandanum fyrir hver vaktaskipti. Skoðunin er hönnuð til að greina hvort eitthvað gæti verið að vélinni áður en notandinn gerir virkniprófanir á henni.

Skoðun fyrir notkun þjónar einnig þeim tilgangi að ákvarða hvort þörf sé á hefðbundnu viðhaldsferli. Stjórnandi getur aðeins framkvæmt hefðbundna viðhaldsþætti sem tilgreindir eru í þessari handbók.

Skoðaðu listann á næstu síðu og merktu við hvert atriði.

Ef skemmdir eða önnur óheimil frávik frá verksmiðjuafhentu ástandi uppgötvast verður að merkja vélina og taka hana úr notkun.

Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknilýsingu framleiðanda. Eftir að viðgerð er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun aftur áður en hann fer í virkniprófin.

Tæknimenn með tilskilin réttindi skulu sinna reglubundinni viðhaldsskoðun, eins og tilgreint er af framleiðanda.

Skoðanir

Skoðun fyrir notkun

- ❑ Vertu viss um að handbók stjórnanda sé heil, læsileg og í geymsluhólfi pallsins.
- ❑ Gakktu úr skugga um að allir límmiðar séu til staðar og læsilegir. Sjá kafla um skoðanir.
- ❑ Athugaðu með glussaleka og rétta olíustöðu. Bættu olíu á ef þarf. Sjá kafla um viðhald.
- ❑ Kannaðu hvort rafgeymavökvi leki og hvort hann sé nægur. Bættu eimuðu vatni við ef þarf. Sjá kafla um viðhald.
- ❑ Athugaðu með olíuleka frá vél og rétta olíustöðu. Bættu olíu á ef þarf. Sjá kaflann um viðhald.
- ❑ Athugaðu með leka á rafvökva og rétta vökvastöðu. Bættu eimuðu vatni við ef þarf. Sjá kafla um viðhald.

Athugaðu með skemmdir, ranglega uppsetta hluti eða hluti sem vantar og óheimilar breytingar á eftirfarandi íhlutum eða svæðum:

- ❑ Rafmagnsíhlutir, leiðslur og rafmagnskaplar
- ❑ Glussaslöngur, festingar, tjakkar og greinar
- ❑ Drifmótorar
- ❑ Slitpúðar
- ❑ Dekk og felgur
- ❑ Takmarkarofar, hornanemar, aðvaranir og flauta
- ❑ Rær, boltar og aðrar festingar
- ❑ Íhlutir handhemils
- ❑ Yfirhleðsluíhlutir pallsins
- ❑ Öryggisarmur
- ❑ Framlengingar á pallinum
- ❑ Krossarmatengi og festingar
- ❑ Stýripinni pallastýringar
- ❑ Hásing og fótahlíf í stoðfæti (ef fylgir)
- ❑ Eldsneytis- og glussageymar
- ❑ Vél og tengdir hlutir
- ❑ Inngönguhlið palls (ef handrið á palli eru uppsett)
- ❑ Tengistaður fyrir dragreipið
- ❑ Rafall (ef til staðar)
- ❑ Viðvörunarljós og snúningsljós (ef fylgir)

Athugaðu alla vélina með tilliti til:

- ❑ Sprungna í suðu eða íhlutum samsetningar
- ❑ Dælda eða skemmda á vél
- ❑ Of mikils ryðs, tæringar eða oxunar

- ❑ Vertu viss um að allar burðareiningar og annar nauðsynlegur búnaður sé til staðar og að allar festingar og pinnar séu á sínum stað og vel festar.
- ❑ Gættu þess að hliðarhandrið séu uppsett og að smellipinnar og boltar séu festir (ef handrið á palli eru uppsett).

Ath.: Ef hækka þarf upp pallinn til að skoða vélina skaltu gæta þess að öryggisarmurinn sé til staðar. Sjá kaflann Notkunarleiðbeiningar.

Skoðanir



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

Þekktu og skildu virkniprófin áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði í virkniprófun

Virkniprófunum er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva allar bilanir áður en vélin er tekin í notkun. Stjórnandinn verður að fylgja leiðbeiningunum skref fyrir skref til að prófa alla virkni vélarinnar.

Aldrei má nota bilaða vél. Ef bilanir uppgötvast verður að merkja vélina og taka hana úr notkun. Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda.

Eftir að viðgerðum er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun og virkniprófanir aftur áður en vélin er tekin í notkun.

Skoðanir

Stjórntæki á jörðu niðri

1 Veldu prófunarsvæði sem er traust, slétt og laust við hættur.

2 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn á pallinum í á-stöðuna.

3 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki á jörðu niðri.

⊙ Niðurstaða: Það kviknar á LCD-skjánum og þar stendur SYSTEM READY (kerfi tilbúið).

Ath.: Þegar kalt er í veðri þarf LCD-upplýsingaskjárinn tíma til að hitna áður en mynd birtist á skjánum.

4 Ræstu vélina. Sjá kafla með notkunarleiðbeiningum.

Prófun neyðarstöðvunar

5 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðuna.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að stöðvast og engar aðgerðir ættu að virka.

6 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðu og endurræstu vélina.

Prófa upp/niður virkni

Hljóðmerki vélarinnar og flautan koma öll úr sama miðlæga viðvörunarkerfinu. Flautan gefur frá sér stöðugt hljóð. Viðvörun um lækkun gefur frá sér 60 hljóðmerki á mínútu. Viðvörun um að vélin sé ekki lárétt er 180 hljóðmerki á mínútu.

7 Ekki ýta á hnapp til að virkja lyftuaðgerðir. Ýttu á og haltu inni hnappinum pallur-upp.



⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að ekki lyftast.

8 Ýttu á og haltu inni lyftuhnappinum. Ýttu á og haltu inni hnappinum pallur-upp.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að hífast upp.

9 Ýttu á og haltu inni lyftuhnappinum. Ýttu á og haltu inni hnappinum pallur-niður.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að síga. Lækkunaraðvörunin (ef til staðar) ætti að hljóma á meðan pallurinn er látinn síga.

10 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki pallsins.

Við stjórntæki pallsins

Prófun neyðarstöðvunar

11 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum á pallinum í af-stöðuna.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að stöðvast og engar aðgerðir ættu að virka.

12 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðu og endurræstu vélina.

⊙ Niðurstaða: Gaumljósið á að vera grænt.



Prófa flautuna

13 Ýttu á flautuhnappinn.

⊙ Niðurstaða: Flautan ætti að hljóma.

Prófaðu upp/niður virkni og aðgerðavirkni

14 Ræstu vélina.

15 Snúðu upp/niður-veltirofanum í áttina sem bláa örin sýnir.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að ekki lyftast.

16 Ýttu á og haltu inni lyftuhnappinum.



17 Snúðu upp/niður-veltirofanum í áttina sem bláa örin sýnir.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að hífast upp.

18 Ýttu á og haltu inni lyftuhnappinum.

19 Snúðu upp/niður-veltirofanum í áttina sem gula örin sýnir.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að síga. Lækkunaraðvörunin (ef til staðar) ætti að hljóma á meðan pallurinn er látinn síga.

Skoðanir

Prófa stýringuna

Ath.: Þegar þú gerir virknipróf fyrir stýringu og akstur skaltu standa á pallinum gegnt stýrisenda vélarinnar.

20 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

21 Þrýstu niður þumalveltirofanum ofan á aksturstýrihandfanginu í þá átt sem blái þríhyrningurinn í stjórnborðinu bendir í.

⊙ Niðurstaða: Stýrishjólin ættu að snúa í áttina sem blái þríhyrningurinn bendir í.

22 Ýttu veltirofanum ofan á stýripinnanum í þá átt sem guli þríhyrningurinn á stjórnborðinu vísar í.

⊙ Niðurstaða: Stýrishjólin ættu að snúa í áttina sem guli þríhyrningurinn bendir í.

Prófa akstur og hemlun

23 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

24 Færðu aksturstýrihandfangið hægt í þá átt sem bláa örin í stjórnborðinu gefur til kynna þar til vélin byrjar að hreyfast, þá skaltu láta handfangið snúa aftur í miðstöðuna.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að hreyfast í þá átt sem bláa örin á stjórnborðinu bendir í, síðan stöðvast skyndilega.

25 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

26 Færðu aksturstýrihandfangið hægt í þá átt sem gula örin í stjórnborðinu gefur til kynna þar til vélin byrjar að hreyfast, þá skaltu láta handfangið snúa aftur í miðstöðuna.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að hreyfast í þá átt sem gula örin á stjórnborðinu bendir í, síðan stöðvast skyndilega.

Ath.: Hemlarnir verða að geta haldið vélinni í öllum halla sem hún getur ekið upp.

Prófa takmarkaðan akstursHraða

27 Ýttu á og haltu inni lyftuhnappinum. Hækkaðu pallinn í minnst 1,8 m.

28 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

29 Færðu aksturstýrihandfangið hægt í fulla akstursstöðu.

⊙ Niðurstaða: Hámarksakstursshraði sem hægt er að ná með pallinn uppi ætti ekki að fara yfir 1.03 ft / 31 cm/sek.

Ef ökuhraði með pallinn á lofti fer yfir 1.03 ft / 31 cm/sek skaltu merkja vélina undir eins og taka hana úr notkun.

Skoðanir

Prófaðu hæð á virkni stoðfótar (GS5390)

30 Haltu inni hnappi til að virkja aðgerðir. Lyftu pallinum.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að hækka upp í 33 fet/10,1 m og stöðvast. Pallurinn ætti ekki að fara yfir 33 fet/10,1 m nema stoðfæturnir séu niðri.

31 Aktu vélinni áfram.

⊙ Niðurstaða: Akstursaðgerðin ætti ekki að virka.

32 Lækkaðu pallinn. Ef pallurinn er meira en 15 feta/4,6 m frá jörðu fara stoðfæturnir ekki niður.

33 Haltu inni hnappi fyrir sjálfvirka stillingu.



34 Beindu upp/niður-veltirofanum niður.

⊙ Niðurstaða: Stoðfæturnir ættu að dragast út og rétta vélina af. Hljóðmerki heyrist þegar vélin er lárétt.

35 Lyftu pallinum.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að hækka upp í fulla hæð.

36 Lækkaðu pallinn.

37 Haltu inni hnappinum fyrir sjálfvirka stillingu og hækkaðu stoðfæturna.

Prófa varaafl

38 Ýttu og haltu inni lyftuhnappinum og lyftu pallinum um 2 ft / 60 cm.

39 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum til að slökkva á vélinni.

40 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna.

41 Ýttu á og haltu inni lyftuhnappinum. Snúðu upp/niður-veltirofanum í áttina sem gula örin sýnir.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn ætti að síga.

Prófanir í halla

Ath.: Framkvæmdu þetta próf frá jörðu með stýringu pallsins. Ekki standa á pallinum.

42 Láttu pallinn síga alveg niður.

43 Aktu vélinni í brekku þar sem halli undirvagns er meiri en 2,5° til hliða.

44 Lyftu pallinum í u.þ.b. 15 feta/4,6 m hæð frá jörðu.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn á að stöðvast og hallaviðvörunarbjallan hljómar með 180 hljóðmerkjum á mínútu. Gaumljósið fyrir hnappinn til að virkja lyftuaðgerðir er rautt.

45 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

46 Færðu stýripinnann í áttina sem bláa örin sýnir og færðu svo stýripinnann í áttina sem gula örin sýnir.

⊙ Niðurstaða: Ökuvirkni ætti að virka í hvoruga átt.

Skoðanir

47 Láttu pallinn síga alveg niður.

48 Keyrðu vélina.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að aka.

49 Farðu aftur á jafnsléttu og lyftu pallinum hærra en í u.þ.b. 15 feta/4,6 m hæð frá jörðu.

50 Aktu vélinni í brekku þar sem halli undirvagns er meiri en 2,5° til hliða.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að nema staðar þegar eða áður en hallinn nær 2,5° og hallaviðvörunarbjallan hljómar með 180 hljóðmerkjum á mínútu. Gaumljósið fyrir hnappinn til að virkja lyftuaðgerðir er rautt.

51 Láttu pallinn síga alveg niður.

52 Aktu vélinni í brekku þar sem halli undirvagns er meiri en 3,5° fram og aftur.

53 Lyftu pallinum í u.þ.b. 15 feta/4,6 m hæð frá jörðu.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn á að stöðvast og hallaviðvörunarbjallan hljómar með 180 hljóðmerkjum á mínútu. Gaumljósið fyrir hnappinn til að virkja lyftuaðgerðir er rautt.

54 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

55 Færðu stýripinnann í áttina sem bláa örin sýnir og færðu svo stýripinnann í áttina sem gula örin sýnir.

⊙ Niðurstaða: Ökuvirkni ætti að virka í hvoruga átt.

56 Láttu pallinn síga alveg niður.

57 Keyrðu vélina.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að aka.

58 Farðu aftur á jafnsléttu og lyftu pallinum hærra en í u.þ.b. 15 feta/4,6 m hæð frá jörðu.

59 Aktu vélinni í brekku þar sem halli brekkunnar er meiri en 3,5° fram og aftur.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn á að stöðvast og hallaviðvörunarbjallan hljómar með 180 hljóðmerkjum á mínútu. Gaumljósið fyrir hnappinn til að virkja lyftuaðgerðir er rautt.

60 Láttu pallinn síga alveg niður og farðu aftur á jafnsléttu.

Skoðanir



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

Þekktu og skildu skoðun á vinnustað áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði við skoðun á vinnusvæði

Könnun vinnustaðar hjálpar stjórnandanum að ákvarða hvort vinnustaðurinn henti fyrir örugga notkun vélarinnar. Stjórnandinn ætti alltaf að gera slíka könnun áður en hann færir vélina inn á vinnustaðinn.

Það er á ábyrgð stjórnanda að lesa og muna hætturnar á vinnustaðnum og síðan að hafa auga með þeim og forðast þær þegar hann hreyfir, setur upp og notar vélina.

Gátlisti fyrir skoðun á vinnusvæði

Gættu þín á og forðastu eftirfarandi hættulegar aðstæður:

- ❑ þverhnípi eða holur
- ❑ ójöfnur, fyrirstöður á gólfi eða rusl
- ❑ hallandi yfirborð
- ❑ óstöðugt eða hált yfirborð
- ❑ fyrirstöður í loftinu og háspennuleiðara
- ❑ hættulegar staðsetningar
- ❑ ófullnægjandi yfirborðsstuðning til að standast alla þá álagskrafta sem vélin býr yfir
- ❑ vind og veðuraðstæður
- ❑ návist starfsfólks í leyfisleysi
- ❑ aðrar mögulegar óöruggar aðstæður

Skoðanir

Skoðun á límmiðum með táknum

Skoðaðu til að tryggja að allir límmiðar séu læsilegir og til staðar.

Hér fyrir neðan er númeraður listi með magni og lýsingu.

Hlutanr.	Lýsing límmiða	Magn
28158	Merkimiði – Blýlaust*	1
28159	Merkimiði – Dísil*	1
28160	Merkimiði – Fljótandi jarðolíugas (1 til viðbótar með möguleika á aukalegum LPG-tanki)*	1
28174	Merkimiði – Rafmagn til palls 230 V*	3
28235	Merkimiði – Rafmagn til palls 115 V*	3
43618	Merkimiði – Bendiörvar	1
44981	Merkimiði – Loftleiðsla til palls	2
52475	Merking – Flutningsfesting	4
72086	Merkimiði – Lyftipunktur	4
72868	Merking – Skorða fyrir vélarbakka	1
82247	Merking – 107 dB	1
82417	Stjórnborð palls	1
82418	Stjórnborð á jörðu niðri*	1
82474	Merkimiði – Notaðu öryggisskorðu	2
82475	Merkimiði – Hætta á að kremjast, stoðfætur	4
82481	Merkimiði – Öryggi rafgeymis/ hleðslutækis	1
82487	Merkimiði – Lestu handbókina	2
82560	Merkimiði – Hætta á innsprautun í húð	1
82809	Merking – Hjólhleðsla GS-3384*	4
82812	Merking – Lestu þjónustuhandbókina	1
82824	Merking – Hjólhleðsla GS-3390, GS-4390*	4
82825	Merking – Hjólhleðsla, GS-5390*	4
97709	Merking – Heitt	2
97719	Merkimiði – Öryggisarmur	1
114251	Merkimiði – Sprengihætta	1
114337	Merkimiði – Veltihætta, takmarkarofi	1
114338	Merkimiði – Veltihætta, hallaaðvörun	1
114371	Merkimiði – Öryggi stoðfótar	1
133269	Merking – Hleðsla stoðfótar, GS-3384*	4
133270	Merking – Hleðsla stoðfótar, GS-3390*	4
133271	Merking – Hleðsla stoðfótar, GS-4390*	4
133272	Merking – Hleðsla stoðfótar, GS-5390*	4
133537	Merkimiði – Hætta á að kremjast	1
215526	Merkimiði – Beltabeining (MSG-425)*	1
1263542	Merkimiði – Hólf opnað	2
1272242	Merkimiði – Vélarskráning	1
1281175	Merkimiði – Lanyard-festipunktur, fallvörn	10
1293166	Hætta, viðvörun – Hætta á veltu, hætta á að kremjast	1
1293217	Merkimiði – Varúð, hætta á raflosti	3
1294688	Merkimiði – LED-gaumljós fyrir yfirálag palls	1
1295446	Stjórnborð á jörðu niðri	1
1299262	Merkimiði – Leiðbeiningar um flutning og lyftingu	2
1299288	Merkimiði – Hám. burðargeta/ hliðarkraftur, GS-3384, GS-3390*	1
1299289	Merkimiði – Hám. burðargeta/ hliðarkraftur, GS-4390*	1
1299290	Merkimiði – Hám. burðargeta/ hliðarkraftur, GS-5390*	1
1299364	Merkimiði – Scon hugbúnaður SC050, RT hleðslunemi	1
1304217	Merkimiði – Sprengihætta	1
1301030	Merking – Dísil, V-stig	1
1301217	Merkimiði – Leiðbeiningar um neyðarlækkun	1
1322264	Stjórnborð á jörðu niðri *	1


■ Skygging gefur til kynna að límmiði sjáist ekki, sé t.d. undir hlífum.


* Þessir límmiðar eiga við um ákveðnar gerðir, valkosti eða stillingar.


** Þessar merkingar eru settar á báðar hliðar undirvagns.


*** Þessar merkingar eru settar á báðar hliðar undirvagns og eiga við um ákveðnar gerðir, valkosti eða stillingar.


Skoðanir



97709
1263542
82474
82560
1293217
82812
1299262
1304217
82247
72086
52475
*82809
*82824
*82825
82481
1301217
*82418
*1322264
*1295446
82487
72086
52475
*82809
*82824
*82825
*28174
*28235
*44981


***133269
***133270
***133271
***133272
**82475
***133269
***133270
***133271
***133272


1263542
114251
82474
1293217
97709
*28158
*28159
*82809
*82824
*82825
72086
52475
215526
72868
28160
72086
52475
*82809
*82824
*82825
1299262
1301030
1272242


114337
97719


1281175
*28174
*28235
82417
1299364
44981


133537
1293217
114371
43618
114338
1293166
1294688
*1299288
*1299289
*1299290
82487

Notkunarleiðbeiningar



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði

Hlutinn með notkunarleiðbeiningum veitir leiðbeiningar um öll atriði sem lúta að notkun vélarinnar. Það er á ábyrgð stjórnandans að fylgja öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í handbók stjórnanda.

Að nota vélina við nokkuð annað en að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum þess og efni, upp í vinnusvæði sitt er óöruggt og hættulegt.

Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk ætti að fá leyfi til að nota þessa vél. Ef gert er ráð fyrir að fleiri en einn einstaklingur noti vélina á mismunandi tíma á sömu vakt, verða þeir allir að hafa réttindi til að nota vélina og þeir skulu allir fylgja öryggisreglum og leiðbeiningum í handbók stjórnanda. Það þýðir að allir nýir notendur skulu skoða vélina fyrir notkun, gera á henni virkniprófun og skoða vinnusvæðið áður en þeir nota vélina.

Notkunarleiðbeiningar

Neyðarstöðvun

Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðuna á stjórntækjum á jörðu niðri og palli til að stöðva allar aðgerðir og slökkva á vélinni.

Gerðu við allar aðgerðir sem virka þegar rauða neyðarstöðvunarhnappinum er ýtt inn.

Vélin ræst

1 Snúðu lykilrofanum á stjórnborði á jörðu niðri í þá stöðu sem óskað er.

2 Gakktu úr skugga um að rauði neyðarstöðvunarhnappurinn sé togaður út í á-stöðu, bæði á stjórnborði á jörðu og palli.

Bensín/LPG vélar:

1 Veldu LPG með því að ýta á LPG-hnappinn.

2 Ýttu á ræsihnapp vélar.

Ath.: Við kaldar aðstæður, 20°F/-6°C hita eða lægri, ætti að ræsa vélarnar með bensíni og hita þær í 2 mínútur áður en skipt er yfir á LPG. Ræsa má heitar vélar með LPG.

Dísilvélar

1 Ýttu á ræsihnapp vélar.

Ath.: Við kaldar aðstæður, 50°F/10°C hita eða lægri, skal halda hnappi fyrir glóðarkerti inni í 5 til 10 sekúndur áður en vélin er ræst. Ekki nota hnappinn lengur en í 20 sekúndur samfleytt.

Allar gerðir

Ef vélin fer ekki í gang eftir að reynt hefur verið að ræsa hana í 15 sekúndur skal leita að bilun og gera við hana. Bíddu í 60 sekúndur áður en reynt er að ræsa að nýju.

Við kaldar aðstæður, -6°C/20°F hita eða lægri, skal hita vélina í 5 mínútur áður en hún er notuð til að koma í veg fyrir skemmdir á glussakerfi.

Við mjög kaldar aðstæður, -18°C/0°F hita eða lægri, ætti að útbúa vélarnar með kaldstartbúnaði, sem er aukabúnaður. Ef reynt er að ræsa vélina við hitastig neðan við -18°C/0°F kann að vera þörf á aukarafgeymi.

Notkun frá jörðu

1 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki á jörðu niðri.

2 Togaðu út rauðu neyðarstöðvunarhnappana bæði á jörðu niðri og á pallinum í á-stöðuna.

3 Ræstu vélina.

Til að staðsetja pall

1 Haltu inni hnappi til að virkja aðgerðir.



2 Virkjaðu upp- eða niðuraðgerðina.

Aksturs- og stýringaraðgerðir eru ekki tiltækar frá stjórntækjum á jörðu niðri.

Notkunarleiðbeiningar

Lausagangur vélar valinn

Veldu lausagang vélar (rpm) með því að ýta á lausagangshnappinn. Það eru þrjár stillingar fyrir lausagang vélar:



- Slökkt á gaumljósi: hægur lausagangur
- Blikkandi gaumljós: hraður lausagangur virkjaður með einhverjum virknihnappi
- Kveikt á gaumljósi: hraður lausagangur

Notkun frá palli

1 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki pallsins.

2 Togaðu út rauðu neyðarstöðvunarhnappana bæði á jörðu niðri og á pallinum í á-stöðuna.

3 Ræstu vélina.

Til að staðsetja pall



1 Haltu inni hnappi til að virkja aðgerðir.

2 Beindu upp/niður-veltirofanum í þá átt sem á að fara.

Til að stýra

1 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

2 Snúðu stýrishjólunum með þumalveltirofanum sem staðsettur er ofan á aksturssstýrihandfanginu.

Til að aka

1 Haltu niðri virkjunarrofanum á stýripinnanum.

2 Auka hraða: Hreyfðu aksturstýrihandfangið hægt út frá miðjunni.

Minnka hraða: Hreyfðu aksturstýrihandfangið hægt að miðjunni.

Stöðva: Færðu aksturssstýrihandfangið í miðjuna eða slepptu fótrofanum.

Notaðu litakóðuðu stefnuþríhyrningana á stjórntækjum pallsins og undirvagninum til að finna út í hvaða átt vélin muni aka.

Ferðahraði vélarinnar er takmarkaður þegar pallinum er lyft.

Notkunarleiðbeiningar

Valhnappur fyrir akstur



Tákn um að vél sé í halla: Takmörkuð vinna í halla.

Rautt gaumljós





Ef rauða gaumljósið logar skaltu ýta inn og toga út rauða neyðarstöðvunarhnappinn til að endurstilla kerfið.

Ef ljósið er áfram rautt skaltu merkja vélina og hætta notkun á henni.

Blikkandi rautt gaumljós





Blikkandi rautt ljós gefur til kynna að pallurinn sé ofhlaðinn og engar aðgerðir virka. Aðvörunarhljóðmerki hljómar við stjórntæki pallsins.

Minnkaðu þyngdina á pallinum.

Ýttu rauða neyðarstöðvunarhnappnum inn og út til að endurstilla kerfið.

Ef enn er of mikil hleðsla á pallinum heldur ljósið áfram að blikka.

Ofhleðsluviðrétting

Ef LCD-greiningarskjár á jörðu niðri sýnir OVERLOAD RECOVERY (OFHLEÐSLUVIÐRÉTTINGU) var neyðarlækkunarkerfið notað á meðan pallurinn var ofhlaðinn. Frekari upplýsingar um hvernig skal endurstilla þessi skilaboð má finna í viðeigandi þjónustuhandbók Genie.

Notkunarleiðbeiningar

⚠ Ekið í brekku

Ákvarðaðu málgildi halla upp í móti, niður í móti og hliðarhalla fyrir vélina og ákvarðaðu halla brekkunnar.

Hámarkshalli í brekku, frágengin staða:			
	GS-3384, GS-3390, GS-4390	50%	26°
	GS-5390	40%	22°
Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða:			
	GS-3384, GS-3390, GS-4390	50%	26°
	GS-5390	40%	22°

Ath.: Tilgreindur halli er háður aðstæðum á jörðu niðri þegar einn einstaklingur er á pallinum og með nægilegu gripi. Viðbótarþyngd á palli kann að draga úr tilgreindum halla.

Til að ákvarða halla brekku:

Mældu hallann með stafrænum hallamæli EÐA notaðu eftirfarandi verklag.

Þú þarft:

- hallamál
- beinan viðarbút, að minnsta kosti 1 m á lengd
- málband


Leggðu viðarbútinn í brekkuna.

Leggðu hallamálið ofan á lægri enda viðarbútsins og lyftu honum þar til viðarbúturinn er láréttur.

Mælið vegalengdina frá neðri brún viðarbútsins til jarðar um leið og honum er haldið láréttum.

Deildu í málbandsmælinguna (hæð) með lengd viðarbútsins (lengd) og margfaldaðu með 100.

Dæmi:



Viðarbútur = 3,6 m

Lengd = 3,6 m

Hæð = 0,3 m

0,3 m ÷ 3,6 m = 0,083 x 100 = 8,3% halli

Ef brekkan er umfram hámarksmálgildi fyrir halla upp eða niður eða hliðarhalla, þá verður að draga vélina á spili eða flytja hana upp eða niður brekkuna. Sjá kaflann Flutningur og lyfting.

Notkunarleiðbeiningar

Pallur framlengdur og dreginn inn

1 Settu læsingarhandföng á framlengingu pallsins í lárétta stöðu.

2 Ýttu á handföngin til að framlengja pallinn að vild.

Ekki standa á framlengingu pallsins á meðan þú reynir að draga hana út.

3 Færðu handföngin niður.

Varaafl

Stjórntæki á jörðu niðri

Ýttu og haltu inni lyftuhnappinum og virkjaðu niður-aðgerðina.

Ef rafmagnið fer skal nota varaaflið.



Við stjórntæki á palli

Ýttu á og haltu inni lyftuhnappinum og snúðu upp/niður-veltirofanum niður.

Virkjunarstillingar hallaskynjara

Virkjunarstillingar hallaskynjara	
Halli undirvagns á hjólum	
Halli undirvagns (til hliða)	2°
Halli undirvagns (fram og aftur)	3°
Halli undirvagns á stoðfótum	
Halli undirvagns (til hliða)	0,8°
Halli undirvagns (fram og aftur)	3°

Þegar gaumljós fyrir vél í halla er kveikt og er lyft yfir neðri takmörkunarhæð hljómar hallaviðvörunin og slökkt er á eiginleikunum keyra og lyfta upp.



Lækkið vélina undir neðri takmörkunarhæð til að endurheimta virkni fyrir akstur og lyftu.



Notkunarleiðbeiningar

Notkun með stýringu frá jörðu

Viðhaltu öruggri fjarlægð milli stjórnanda, vélarinnar og fastra hluta.

Vertu meðvitaður/meðvituð um í hvaða átt vélin fer þegar stýringin er notuð.

Stoðfótaraðgerð (ef til staðar)

1 Staðsettu vélina undir vinnusvæðinu.

Ath.: Vélin verður að vera í gangi svo stoðfætur virki.

2 Haltu inni hnappi fyrir sjálfvirka stillingu.



3 Beindu upp/niður-veltirofanum niður. Stoðfæturnir dragast út og rétta vélina af. Hljóðmerki heyrist þegar vélin er lárétt.

Gaumljósið á lyftuhnappinum verður rautt þegar einn en ekki allir stoðfæturnir eru komnir niður. Allar aksturs- og lyftuaðgerðir hætta að virka.



Ljósið á lyftuhnappinum og hverjum stoðfótarhnappi verður grænt þegar allir stoðfætur nema algjörlega við jörðu.

Slökkt er á akstursaðgerð á meðan stoðfæturnir eru niðri.


Einstökum stoðfótum stýrt

1 Ýttu á og haltu inni einum eða fleiri stoðfótarhnöppum.

2 Snúðu upp/niður-veltirofanum fyrir stoðfætur í viðkomandi átt til að rétta vélina af.

Hreinsun í kyrrstöðu

Þegar LCD-skjárinn birtir skilaboðin „Regen Warning Lvl 1“ (level 1 or higher) (hreinsunarviðvörun stig 1 (stig 1 eða hærra)) þarf DPF (dísilagnasían) á hreinsun í kyrrstöðu að halda.



⚠ Slökkt er á allri bómuvirkni meðan á DPF-hreinsunarferli í kyrrstöðu stendur.

⚠ Haltu þig fjarri útblæstri og hljóðkúti vélar.

⚠ Ekki skilja vélina eftir eftirlitslausa.

⚠ Ekki er hægt að virkja DPF-hreinsun í kyrrstöðu ef vélin hefur ekki beðið um það, né ef einhverjar vélarbilanir eru til staðar.

⚠ Hunsið ekki beiðni um hreinsun í kyrrstöðu. Þá getur sótið í DPF (dísilagnasíu) orðið of mikið. Sían verður fyrir varanlegum skemmdum og það þarf að fá þar til bæran tækniaðila til að skipta um hana. Ef þetta gerist birtast eftirfarandi skilaboð „Not possible, service needed“ (ekki mögulegt, þörf á þjónustu).

⚠ Í neyðartilfellum er hægt að stöðva DPF-hreinsun í kyrrstöðu á þrjá vegu:

- Slökkt er á vélinni með lykilrofanum.
- Ýtt er á hnappinn ESC.
- Ýtt er á ESTOP-stöðvunarhnappinn.

Ef þetta á sér stað getur þurft að endurræsa hreinsun í kyrrstöðu.

⚠ Ekki er hægt að hefja DPF-hreinsun í kyrrstöðu fyrr en vélin hefur keyrt í að minnsta kosti tvær mínútur og hitastig kælivökva hefur náð 35°C.

Notkunarleiðbeiningar


Settu hreinsun í gang með eftirfarandi hætti.

1 Ýttu vélarbakkanum aftur.


2 Veldu öruggan stað til að leggja vélinni—trausta jafnsléttu, lausa við hindranir og umferð, fjarri eldfimum efnum og sprengifimum lofttegundum.

3 Snúðu lyklinum í jarðstöðu á stjórntækjum á jörðu niðri.


4 Ýttu tvisvar á stjórnhnapp 4 fyrir neðan LCD-skjáinn.



5 Notaðu stjórnhnappa 2 og 3 fyrir neðan LCD-skjáinn og veldu „Diagnostics“ (greining) í aðalvalmyndinni. Ýttu á stjórnhnapp 4 til að staðfesta valið.




6 Notaðu stjórnhnappa 2 og 3 fyrir neðan LCD-skjáinn og veldu „Regen Menu“ (valmynd hreinsunar). Ýttu á stjórnhnapp 4 til að staðfesta valið.




Notkunarleiðbeiningar

7 Notaðu stjórnhnappa 2 og 3 fyrir neðan LCD-skjáinn og veldu „Initiate Regen“ (hefja hreinsun). Ýttu á stjórnhnapp 4 til að staðfesta valið.



8 Ef þörf krefur birtast skilaboðin „Initiate Warming“ (hefja hreinsun). Ýttu á stjórnhnapp 4 til að staðfesta.



9 LCD-skjárinn birtir skilaboðin „Warning: Machine must be in a non-flammable environment“ (Viðvörun: Vél verður að vera í umhverfi sem er ekki eldfimt). Ýttu á stjórnhnapp 4 til að staðfesta.




10 LCD-skjárinn birtir skilaboðin „Notice: All functions will lock. Regen takes approx 1 hour“ (Athugið: Allar aðgerðir læsast. Hreinsun tekur um 1 klst.). Ýttu á stjórnhnapp 4 til að staðfesta.




Notkunarleiðbeiningar

11 Ef vélin er ekki þegar í gangi birtir LCD-skjárinn skilaboðin „Start Engine“ (ræstu vélina).




12 Ræstu vélina. Vélin fer í forhitunarhringrás.

13 LCD-skjárinn birtir skilaboðin „Standstill Regen Active Minutes remaining: 35“ (hreinsun í kyrrstöðu virk, mínútur eftir: 35).



14 Hreinsunarferlið heldur sjálfkrafa áfram og þegar því er lokið birtir LCD-skjárinn skilaboðin „Regen Successful“ (hreinsun tókst).



Eftir hverja notkun

1 Veldu öruggan stað til að leggja vélinni—trausta jafnsléttu, lausa við hindranir og umferð.

2 Lækkaðu pallinn.

3 Snúðu lyklinum í off-stöðu og fjarlægðu lykilinn til að tryggja að vélin sé ekki notuð í leyfisleysi.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu


Athugaðu og fylgdu:

- ☑ Genie mælir með því að farið sé eftir þessum festingarleiðbeiningum. Ökumenn bera alla ábyrgð á að ganga úr skugga um að vélar séu tryggilega festar og að réttur tengivagn sé valinn.
- ☑ Viðskiptavinir Genie sem þurfa setja einhverja lyftu eða vöru frá Genie í gám ættu að leita til hæfs flutningsmiðlara með sérþekkingu á tilbúningi, hleðslu og festingu lyftingarbúnaðar fyrir alþjóðlega völuflutninga.
- ☑ Aðeins starfsmenn með réttindi á vinnnupallinn skulu lyfta vélinni af eða á flutningabíl.
- ☑ Leggja verður flutningsökutækinu á láréttu yfirborði.
- ☑ Ganga verður tryggilega frá flutningsökutækinu til að koma í veg fyrir að það hreyfist meðan verið er að setja vélina á.
- ☑ Vertu viss um að geta ökutækisins, fermingarfletir og keðjur eða ólar séu nægilega sterkar til að standast þyngd vélarinnar. Genie-lyftur eru hlutfallslega þungar miðað við stærð. Sjá raðnúmeramerkimiða fyrir þyngd vélarinnar.
- ☑ Ef hallinn á palli flutningsökutækisins fer umfram hámarksmálgildi varðandi halla upp eða niður í móti verður að ferma og afferma vélina með vindu, eins og lýst er.

Fríhjóla-uppstilling fyrir drátt með spili

Skorðaðu hjólin til að koma í veg fyrir að vélin renni.

2WD gerðir: Losaðu hemlana á föstu hjólunum með því að snúa aftengingarlokum átaksnafanna.



4WD gerðir: Losaðu hemlana á hjólunum með því að snúa öllum fjórum aftengingarlokum drifátaksnafanna.

Vertu viss um að vindulínan sé almennilega fest við tengipunkta undirvagnsins og að leiðin sé laus við allar hindranir.

Beittu verkþáttum í öfugri röð til að festa hemla á ný.

Ath.: Fríhjóladælulokinn ætti alltaf að vera lokaður við hefðbundna notkun.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Fest á vörubíl eða tengivagn fyrir flutning

Alltaf skal skorða dekk vélarinnar þegar hún er búin undir flutning.

Dragðu inn og festu framlengingarborðið/-borðin.

Notaðu festipunkta á undirvagni til að festa vélina við flutningstækið.


Notaðu a.m.k. 4 keðjur eða ólar.

Notaðu keðjur eða ólar með nægri burðargetu.

Snúðu lykilrofanum í af-stöðu og fjarlægðu lykilinn fyrir flutning.

Athugaðu með lausa eða ófesta hluti á allri vélinni.

Ef handrið hafa verið felld saman skal festa þau með ólum fyrir flutning.



Leiðbeiningar um flutning og lyftingu



Virtu og hlýddu:

☑ Aðeins viðurkenndir kranamenn ættu að undirbúa og lyfta vélinni.

☑ Vertu viss um að burðargeta kranans, fermingarflata og óla eða tauga sé nægileg til að standast þyngd vélarinnar. Sjá raðnúmeramerkimiða fyrir þyngd vélarinnar.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Lyftileiðbeiningar


Láttu pallinn síga alveg niður. Gættu þess að framlengingarborðið, stýringar og hólf séu tryggilega fest. Fjarlægðu alla lausa hluti af vélinni.


Ákvarðaðu þyngdarpunkt vélarinnar með aðstoð töflunnar og myndarinnar á þessari síðu.

Festu lyftibúnaðinn aðeins við afmarkaða lyftipunkta á vélinni.

Lagfærðu lyftibúnaðinn til að koma í veg fyrir skemmdir á vélinni og til að halda henni láréttri.

Þyngdarpunktur	X-ás	Y-ás
GS-3384 og GS-3390 án stoðfóta	74,7 to. 189,7 cm	38,2 to. 97,0 cm
GS-4390 án stoðfóta	74,7 to. 189,7 cm	42,1 to. 106,9 cm
GS-3384 og GS-3390 með stoðfótum	75,1 to. 190,8 cm	37,2 to. 94,5 cm
GS-4390 með stoðfótum	75,1 to. 190,8 cm	39,8 to. 101,1 cm
GS-5390	193 cm 76,0 to.	108,5 cm 42,7 to.





1 - X-ás

2 - Y-ás

Viðhald



Athugaðu og fylgdu:

☑ Stjórnandi skal aðeins framkvæma hefðbundin viðhaldsatriði sem tilgreind eru í þessari handbók.

☑ Tæknimenn með tilskilin réttindi skulu sinna reglubundinni viðhaldsskoðun, eins og tilgreint er af framleiðanda.

☑ Farga skal efni í samræmi við opinberar reglugerðir.

☑ Notaðu aðeins varahluti sem Genie hefur viðurkennt.

Skýringartexti tákna

Eftirfarandi tákn hafa verið notuð í þessari handbók til að skýra tilgang leiðbeininganna. Þegar eitt eða fleiri þessara tákna birtast við upphaf viðhaldsferlis gefur það til kynna merkinguna að neðan.



Gefur til kynna að þörf sé á verkfærum við þetta verklag.



Gefur til kynna að þörf sé á nýjum hlutum til að framkvæma þetta verklag.



Gefur til kynna að vél þurfi að vera köld til að framkvæma þetta verklag.

Athuga rafgeymana



Gott ástand rafgeymis er nauðsynlegt fyrir góða frammistöðu vélar og notkunaröryggi. Röng vökvastaða eða skemmdir kaplar og tengingar geta leitt til skemmda á íhlutum og hættuástands.

⚠ Hætta á raflosti. Snerting við heitar rafrásir eða rafrásir með spennu gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla. Fjarlægðu alla hringi, úr og aðra skartgripi.

⚠ Hætta á líkamstjóni. Rafgeymar innihalda sýru. Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.

Ath.: Framkvæmdu þetta próf eftir að hafa fullhlaðið rafgeymana.

1 Farðu í hlífðarfatnað og settu á þig augnhlífar.

2 Gættu þess að tengi rafgeymakapals séu hert og laus við tæringu.

3 Gættu þess að rafgeymafestingarnar séu til staðar og traustar.

Ath.: Ef bætt er við pólhlífum og ryðvörn kemur það í veg fyrir ryð á rafgeymapólum og köplum.

Viðhald

Staða vélarolíu athuguð

Það er frumskilyrði fyrir notkun vélarinnar að stöðu vélarolíu sé haldið réttri. Ef vélin er notuð á meðan staða vélarolíu er röng getur það skemmt vélina eða hluta hennar.

Ath.: Athugaðu stöðu vélarolíu þegar slökkt er á vélinni.

1 Skoðaðu mælistiku í olíu. Bættu olíu á ef þarf.

Deutz D2.9 L4 vél	
Olíugerð	15W-40
Olíugerð - kaldar aðstæður	5W-40
Deutz D2011 L03i vél	
Olíugerð	15W-40
Olíugerð - kaldar aðstæður	5W-40
Deutz TD 2.2 49 HP vél	
Olíugerð	15W-40
Olíugerð - kaldar aðstæður	5W-40
Ford MSG-425 EFI vél	
Olíugerð	5W-20
Weichai WP3.2 vél	
Olíugerð	15W-40
Deutz D436 vél	
Olíugerð	15W-40
Olíugerð - kaldar aðstæður	5W-30

Dísilolíukröfur

Nauðsynlegt er að nota gæðaeldsneyti svo vélin starfi sem skyldi. Með gæðaeldsneyti næst eftirfarandi árangur: vélin endist lengur og útblástursmagn er viðunandi.

Lágmarkskröfur um dísilolíu fyrir hverja vél má sjá hér fyrir neðan.

Deutz D2011 L03i vél	
Eldsneytisgerð	Dísilolía með litlu brennisteinsmagni (LSD)
Deutz D2.9 L4 vél	
Eldsneytisgerð	Dísilolía með lágmarksbrennisteinsmagni (ULSD)
Deutz TD 2.2 49 HP vél	
Eldsneytisgerð	Dísilolía með lágmarksbrennisteinsmagni (ULSD)
Deutz D436 vél	
Eldsneytisgerð	Dísilolía með litlu brennisteinsmagni (LSD)
Weichai WP3.2 vél	
Eldsneytisgerð	Dísilolía með lágmarksbrennisteinsmagni (ULSD)

Glussaolíustaða athuguð

Það er frumskilyrði fyrir notkun vélarinnar að stöðu glussa sé haldið réttri. Röng staða glussa getur skemmt íhluti vökvakerfisins. Daglegar athuganir gera skoðunarmanninum kleift að greina breytingar á olíustöðu sem gætu bent til vandamála í vökvakerfinu.

1 Gættu þess að pallurinn sé í geymslustöðu og að slökkt sé á vélinni.

2 Athugaðu sjónrænt hæðarstöðumælinn sem staðsettur er á hlið glussatanksins.

⊙ Afleiðing: Glussaolíustaðan ætti að vera á efri 2 tommum / 5 cm hæðarstöðumælisins.

3 Bættu á olíu ef þörf er á. Ekki yfirfylla.

Tæknilýsing glussa	
Gerð glussa	Chevron Rando HD jafngildi

Athuga stöðu kælivökva á vél - Vökvakældar gerðir

Það er frumskilyrði fyrir notkun vélarinnar að stöðu kælivökva á vél sé haldið réttri. Röng staða kælivökva hefur áhrif á kæligetu vélarinnar og skemmir vélina eða hluta hennar. Daglegar athuganir gera skoðunarmanninum kleift að greina breytingar á stöðu kælivökva sem gætu bent til vandamála í kælikerfinu.

1 Athugaðu magn vökva í safntanki kælivökva. Bættu vökva á ef þarf.

⊙ Niðurstaða: Vökvastaðan ætti að vera sýnileg í efsta tanki vatnskassans.

⚠ Hætta á bruna. Ekki taka lokið af vatnskassanum ef vélin og/eða vatnskassinn er heitur. Vélin og vatnskassinn eiga að vera köld við snertingu áður en gáð er að kælivökvanum.

Viðhald

Reglubundið viðhald

Viðhald sem framkvæmt er ársfjórðungslega, árlega og á tveggja ára fresti verður að vera framkvæmt af einstaklingi sem hefur þjálfun og hæfni til að framkvæma viðhald á þessari vél í samræmi við verklagið sem finna má í þjónustuhandbók fyrir þessa vél.

Fara verður fram ársfjórðungsleg skoðun á vélum sem hafa staðið ónotaðar í meira en þrjá mánuði áður en þær eru teknar aftur í notkun.

Fylgið öllum staðbundnum og opinberum reglum þegar vélin er tekin úr umferð og henni fargað í lok líftíma hennar. Sjá frekari upplýsingar í viðeigandi Genie-þjónustuhandbók.

Tæknilýsing

GS-3384		
Hámarks vinnuhæð	39 fet	11,9 m
Hæð, hámark fyrir pall	33 fet	10,1 m
Hæð, hámark, frágengin staða, handrið uppi	105,5 to.	268 cm
Hæð, hámark, frágengin staða, handrið niðri	78,75 to.	200 cm
Breidd, venjuleg dekk	84 to.	213 cm
Breidd, dekk með miklu floti	95 to.	241 cm
Lengd, pallur dreginn inn Gerðir með einu framlengingarborði	155,25 to.	394 cm
Lengd, framlengdur pallur Gerðir með einu framlengingarborði	212,5 to.	540 cm
Lengd, pallur dreginn inn Gerðir með tveimur framlengingarborðum	156,5 to.	398 cm
Lengd, framlengdur pallur Gerðir með tveimur framlengingarborðum	258,5 to.	657 cm
Lengd, pallur dreginn inn Gerðir með stoðfótum Gerðir með tveimur stórum framlengingum	192 to.	4,9 m
Lengd, framlengdur pallur Gerðir með tveimur stórum framlengingum	290,5 to.	7,4 m
Hámarksburðargeta	2.500 pund	1.134 kg
Hámarksvindhraði	28 mílur/klst.	12,5 m/s
Hjólhaf	112 to.	284 cm
Snúningsgeisli (ytri)	234 to.	594 cm
Snúningsgeisli (innri)	121,5 to.	309 cm
Hæð frá jörðu	13 to.	33 cm

Þyngd

(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)

Mál palls		
Lengd palls x breidd, í geymslustöðu, einn pallur	155,25 to. x 72 to.	3,9 m x 1,8 m
Lengd palls x breidd, í geymslustöðu, tveir pallar	156,5 to. x 72 to.	4 m x 1,8 m
Lengd palls x breidd, í geymslustöðu, stórum framlengingum	189,5 to. x 72 to.	4,8 m x 1,8 m
Lengd framlengingar palls, að framan	60 to.	1,5 m
Lengd framlengingar palls, að aftan	48 to.	1,2 m
Umhverfishiti við notkun		-20°F til 120°F -29°C til 49°C

Ökuhraði		
Í frágangsstöðu, hámark	4 mílur/klst.	6,4 km/klst.
Pallur hífður, hámark	0,7 mílur/klst. 40 fet/39 sek.	1,1 km/klst. 12,2 m/39 sek.
Stjórntæki		Hlutfalls
Riðstraumsúttak á palli		Staðlað
Hámarks vökvaþrýstingur (virkni)	3.500 psi	241 bar
Dekkjastærð		10-16,5 NHS
Dekkjastærð, hátt flot		33/16LL500, 10 ply

Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	<88 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	<78 dBA
Vottað hljóðaflsstig	107 dBA

Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2.

Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 1,6 fet/s^2 eða 0,5 m/s^2.

Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða	50% (26°)
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	50% (26°)

Ath.: Tilgreindur halli er háður aðstæðum á jörðu niðri þegar einn einstaklingur er á pallinum og með nægilegu gripi. Viðbótarþyngd á palli kann að draga úr tilgreindum halla.

Leyfilegur hámarkshalli undirvagns	Vísar til kafla um „Virkjunarstillingar hallaskynjara“

Upplýsingar um hleðslu á gólfi		
Hámarksþungi á dekki	4.689 pund	2.127 kg
Álag á stoðfót, að hámarki (ef til staðar)	4.689 pund	2.127 kg
Loftþrýstingur í dekkjum	129 psi	9,03 kg/cm^2 886 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli (á hjólbörðum)	177 psf	864 kg/m^2 8,49 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli (á stoðfótum)	153 psf	747 kh/m^2 7,21 KPa

Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Tæknilýsing

GS-3390		
Hámarks vinnuhæð	39 fet	11,9 m
Hæð, hámark fyrir pall	33 fet	10,1 m
Hæð, hámark, frágengin staða, handrið uppi	106,5 to.	271 cm
Hæð, hámark, frágengin staða, handrið niðri	79,75 to.	203 cm
Breidd, venjuleg dekk	92 to.	234 cm
Breidd, dekk með miklu floti	101 to.	257 cm
Lengd, pallur dreginn inn Gerðir með einu framlengingarborði	155,25 to.	394 cm
Lengd, framlengdur pallur Gerðir með einu framlengingarborði	212,5 to.	540 cm
Lengd, pallur dreginn inn Gerðir með tveimur framlengingarborðum	156,5 to.	398 cm
Lengd, framlengdur pallur Gerðir með tveimur framlengingarborðum	258,5 to.	657 cm
Lengd, pallur dreginn inn Gerðir með stoðfótum Gerðir með tveimur stórum framlengingum	192 to.	4,9 m
Lengd, framlengdur pallur Gerðir með tveimur stórum framlengingum	290,5 to.	7,4 m
Hámarksburðargeta	2.500 pund	1.134 kg
Hámarksvindhraði	28 mílur/klst.	12,5 m/s
Hjólhaf	112 to.	284 cm
Snúningsgeisli (ytri)	210 to.	533 cm
Snúningsgeisli (innri)	85 to.	216 cm
Hæð frá jörðu	14 to.	36 cm

Þyngd

(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)

Mál palls		
Lengd palls x breidd, í geymslustöðu, einn pallur	155,25 to. x 72 to.	3,8 x 1,8 m
Lengd palls x breidd, í geymslustöðu, tveir pallar	156,5 to. x 72 to.	4 m x 1,8 m
Lengd palls x breidd, í geymslustöðu, stórum framlengingum	189,5 to. x 72 to.	4,8 m x 1,8 m
Lengd framlengingar palls, að framan	60 to.	1,5 m
Lengd framlengingar palls, að aftan	48 to.	1,2 m
Umhverfishiti við notkun		-20°F til 120°F -29°C til 49°C

Ökuhraði		
Í frágangsstöðu, hámark	4 mílur/klst.	6,4 km/klst.
Pallur hífður, hámark	0,7 mílur/klst. 40 fet/39 sek.	1,1 km/klst. 12,2 m/39 sek.
Stjórntæki		Hlutfalls
Riðstraumsúttak á palli		
Hámarks vökvaþrýstingur (virkni)	3.500 psi	241 bar
Dekkjastærð		315/55D20-12
Dekkjastærð, hátt flot		33/16LL500, 10 ply

Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	<88 dBA
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	<78 dBA
Vottað hljóðaflsstig	107 dBA

Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2.

Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 1,6 fet/s^2 eða 0,5 m/s^2.

Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða	50% (26°)
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	50% (26°)

Ath.: Tilgreindur halli er háður aðstæðum á jörðu niðri þegar einn einstaklingur er á pallinum og með nægilegu gripi. Viðbótarþyngd á palli kann að draga úr tilgreindum halla.

Leyfilegur hámarkshalli undirvagns	Vísar til kafla um „Virkjunarstillingar hallaskynjara“

Upplýsingar um hleðslu á gólfi		
Hámarksþungi á dekki	4.734 pund	2.147 kg
Álag á stoðfót, að hámarki (ef til staðar)	4.734 pund	2.147 kg
Loftþrýstingur í dekkjum	116 psi	8,12 kg/cm^2 796 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli (á hjólbörðum)	167 psf	816 kg/m^2 8,00 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli (á stoðfótum)	146 psf	713 kg/m^2 6,97 KPa

Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Tæknilýsing

GS-4390		
Hámarks vinnuhæð	49 fet	14,9 m
Hæð, hámark fyrir pall	43 fet	13,1 m
Hæð, hámark, frágengin staða, handrið uppi	115,5 to.	293 cm
Hæð, hámark, frágengin staða, handrið niðri	88,75 to.	225 cm
Breidd, venjuleg dekk	92 to.	234 cm
Breidd, dekk með miklu floti	101 to.	257 cm
Lengd, pallur dreginn inn Gerðir með einu framlengingarborði	155,25 to.	394 cm
Lengd, framlengdur pallur Gerðir með einu framlengingarborði	212,5 to.	540 cm
Lengd, pallur dreginn inn Gerðir með tveimur framlengingarborðum	156,5 to.	398 cm
Lengd, framlengdur pallur Gerðir með tveimur framlengingarborðum	258,5 to.	657 cm
Lengd, pallur dreginn inn Gerðir með stoðfótum Gerðir með tveimur stórum framlengingum	192 to.	4,9 m
Lengd, framlengdur pallur Gerðir með tveimur stórum framlengingum	290,5 to.	7,4 m
Hámarksburðargeta	1.500 pund	680 kg
Hámarksvindhraði	28 mílur/klst.	12,5 m/s
Hjólhaf	112 to.	284 cm
Snúningsgeisli (ytri)	210 to.	533 cm
Snúningsgeisli (innri)	85 to.	216 cm
Hæð frá jörðu	14 to.	36 cm

Þyngd

(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)

Mál palls		
Lengd palls x breidd, í geymslustöðu, einn pallur	155,25 to. x 72 to.	3,9 m x 1,8 m
Lengd palls x breidd, í geymslustöðu, tveir pallar	156,5 to. x 72 to.	4 m x 1,8 m
Lengd palls x breidd, í geymslustöðu, stórum framlengingum	189,5 to. x 72 to.	4,8 m x 1,8 m
Lengd framlengingar palls, að framan	60 to.	1,5 m
Lengd framlengingar palls, að aftan	48 to.	1,2 m
Umhverfishiti við notkun	-20°F til 120°F	-29°C til 49°C

Ökuhraði		
Í frágangsstöðu, hámark	4 mílur/klst.	6,4 km/klst.
Pallur hífður, hámark	0,7 mílur/klst. 40 fet/39 sek.	1,1 km/klst. 12,2 m/39 sek.
Stjórntæki		Hlutfalls
Riðstraumsúttak á palli		Staðlað
Hámarks vökvaþrýstingur (virkni)	3.500 psi	241 bar
Dekkjastærð		315/55D20-12
Dekkjastærð, hátt flot		33/16LL500, 10 ply

Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	<88 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	<78 dBA
Vottað hljóðaflsstig	107 dBA

Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2.

Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 1,6 fet/s^2 eða 0,5 m/s^2.

Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða	50% (26°)
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	50% (26°)

Ath.: Tilgreindur halli er háður aðstæðum á jörðu niðri þegar einn einstaklingur er á pallinum og með nægilegu gripi. Viðbótarþyngd á palli kann að draga úr tilgreindum halla.

Leyfilegur hámarkshalli undirvagns	Vísar til kafla um „Virkjunarstillingar hallaskynjara“

Upplýsingar um hleðslu á gólfi		
Hámarksþungi á dekki	4.722 pund	2.142 kg
Álag á stoðfót, að hámarki (ef til staðar)	4.722 pund	2.142 kg
Loftþrýstingur í dekkjum	115 psi	8,09 kg/cm^2 794 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli (á hjólbörðum)	167 psf	815 kg/m^2 8,99 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli (á stoðfótum)	143 psf	698 kg/m^2 6,87 KPa

Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Tæknilýsing

GS-5390		
Hámarks vinnuhæð	59 fet	18 m
Hæð, hámark fyrir pall	53 fet	16,2 m
Hæð, hámark, frágengin staða, handrið uppi	124 to.	315 cm
Hæð, hámark, frágengin staða, handrið niðri	97,25 to.	247 cm
Breidd, venjuleg dekk	92 to.	234 cm
Breidd, dekk með miklu floti	101 to.	257 cm
Lengd, pallur dreginn inn Gerðir með einu framlengingarborði	162 to.	4,9 m
Lengd, framlengdur pallur Gerðir með einu framlengingarborði	212,5 to.	540 cm
Lengd, pallur dreginn inn Gerðir með tveimur framlengingarborðum	192 to.	488 cm
Lengd, framlengdur pallur Gerðir með tveimur framlengingarborðum	258,5 to.	657 cm
Lengd, pallur dreginn inn Gerðir með stoðfótum Gerðir með tveimur stórum framlengingum	192 to.	4,9 m
Lengd, framlengdur pallur Gerðir með tveimur stórum framlengingum	290,5 to.	7,4 m
Hámarksburðargeta	1.500 pund	680 kg
Hámarksvindhraði	28 mílur/klst.	12,5 m/s
Hjólhaf	112 to.	284 cm
Snúningsgeisli (ytri)	210 to.	533 cm
Snúningsgeisli (innri)	85 to.	216 cm
Hæð frá jörðu	14 to.	36 cm

Þyngd

(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)

Mál palls		
Lengd palls x breidd, í geymslustöðu, einn pallur	155,25 to. x 72 to.	3,9 m x 1,8 m
Lengd palls x breidd, í geymslustöðu, tveir pallar	156,5 to. x 72 to.	4 m x 1,8 m
Lengd palls x breidd, í geymslustöðu, stórum framlengingum	189,5 to. x 72 to.	4,8 m x 1,8 m
Lengd framlengingar palls, að framan	60 to.	1,5 m
Lengd framlengingar palls, að aftan	48 to.	1,2 m
Umhverfishiti við notkun		-20°F til 120°F -29°C til 49°C

Ökuhraði		
Í frágangsstöðu, hámark	4 mílur/klst.	6,4 km/klst.
Pallur hífður, hámark	0,7 mílur/klst. 40 fet/39 sek.	1,1 km/klst. 12,2 m/39 sek.
Stjórntæki		Hlutfalls
Riðstraumsúttak á palli		Staðlað
Hámarks vökvaþrýstingur (virkni)	3.500 psi	241 bar
Dekkjastærð		315/55D20-12
Dekkjastærð, hátt flot		33/16LL500, 10 ply

Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	<88 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	<78 dBA
Vottað hljóðaflsstig	107 dBA

Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2.

Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 1,6 fet/s^2 eða 0,5 m/s^2.

Hámarkshliðarhalli í brekku, frágengin staða	40% (22°)
Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	40% (22°)

Ath.: Tilgreindur halli er háður aðstæðum á jörðu niðri þegar einn einstaklingur er á pallinum og með nægilegu gripi. Viðbótarþyngd á palli kann að draga úr tilgreindum halla.

Leyfilegur hámarkshalli undirvagns	Vísar til kafla um „Virkjunarstillingar hallaskynjara“

Upplýsingar um hleðslu á gólfi		
Hámarksþungi á dekki	5.294 pund	2.401 kg
Álag á stoðfót, að hámarki (ef til staðar)	5.294 pund	2.401 kg
Loftþrýstingur í dekkjum	129 psi	9,08 kg/cm^2 890 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli (á hjólbörðum)	187 psf	912 kg/m^2 8,94 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli (á stoðfótum)	161 psf	786 kg/m^2 7,70 kPa

Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Contents of EC Declaration of Conformity - 1

<Manufacturer's name> hereby declares that the machinery described below complies with the provisions of the following Directives:

1. EC Directive 2006/42/EC, Machinery Directive, under consideration of harmonized European standard EN280 as described in EC type-examination certificate <variable field> issued by:

<notified body's name>

<notified body's number>

2. EC Directive EMC: 2014/30/EU, under consideration of harmonized European standard EN 61000-6-2 and EN 61000-6-4

3. EC Directive 2000/14/EC, Noise Directive, under consideration of Annex V and harmonized standard EN ISO 3744, internal combustion engine only.

Test Report:
This machine has been tested and passed the following categories prior to entering the market:

1. BRAKES: Brakes working properly in forward and reverse.
2. OVERLOAD: Overload tested at XXX% rated load.
3. FUNCTIONAL: Smooth operation at XXX% rated load.
4. FUNCTIONAL: All safety devices working correctly.
5. FUNCTIONAL: Speeds set within permitted specification.

Model / Type: <machine type>	Manufacture Date: <variable field>
Description: <machine classification>	Country of Manufacture: <variable field>
Model: <model name>	Net Installed Power: <only for IC machines>
Serial Number: <variable field>	Guaranteed Sound Power Level: <only for IC machines>
VIN: <where applicable>	
Manufacturer: <Manufacturer's name>	Authorized Representative: Genie Industries B.V Boekerman 5, 4751 XK Oud Gastel, The Netherlands
Empowered signatory:	Place of Issue: <variable field> Date of Issue: <variable field>

Tæknilýsing

Contents of EC Declaration of Conformity - 2

<Manufacturer's name> hereby declares that the machinery described below complies with the provisions of the following Directives:

1. EC Directive 2006/42/EC, Machinery Directive, Conformity assessment procedure: art.12 (3) (a), with the application of European Harmonized Standard EN 280:2013+A1:2015.

2. EC Directive EMC: 2014/30/EU, under consideration of harmonized European standard EN 61000-6-2 and EN 61000-6-4

3. EC Directive 2000/14/EC, Noise Directive, under consideration of Annex V and harmonized standard EN ISO 3744, internal combustion engine only.

Test Report:
This machine has been tested and passed the following categories prior to entering the market:

1. BRAKES: Brakes working properly in forward and reverse.
2. OVERLOAD: Overload tested at XXX% rated load.
3. FUNCTIONAL: Smooth operation at XXX% rated load.
4. FUNCTIONAL: All safety devices working correctly.
5. FUNCTIONAL: Speeds set within permitted specification.

Model / Type: <machine type>	Manufacture Date: <variable field>
Description: <machine classification>	Country of Manufacture: <variable field>
Model: <model name>	Net Installed Power: <only for IC machines>
Serial Number: <variable field>	Guaranteed Sound Power Level: <only for IC machines>
VIN: <where applicable>	
Manufacturer: <Manufacturer's name>	Authorized Representative:
	Genie Industries B.V Boekerman 5, 4751 XK Oud Gastel, The Netherlands
Empowered signatory:	Place of Issue: <variable field>
	Date of Issue: <variable field>

Contents of UK Declaration of Conformity - 1

<Manufacturer's name> hereby declares that the machinery described below complies with the provisions of the following Legislation:

1. Supply of Machinery (Safety) Regulations 2008 (SI 2008/1597) as amended (SI 2011/1043, SI 2011/2157, SI 2019/696) under consideration of designated standard EN280 as described in type-examination certificate <variable field> issued by:

<notified body's name>

<notified body's number>

2. Electromagnetic Compatibility Regulations 2016 (SI 2016/1091) as amended (SI 2017/1206, SI 2019/696) under consideration of designated standard EN 61000-6-2 and EN 61000-6-4

3. Noise Emissions in the Environment by Equipment for use Outdoors Regulations 2001 (SI 2001/1701) as amended (SI 2001/3958, SI 2005/3525, 2015/98) under consideration of Annex V and designated standard EN ISO 3744, internal combustion engine only.

Test Report:
This machine has been tested and passed the following categories prior to entering the market:

1. BRAKES: Brakes working properly in forward and reverse.
2. OVERLOAD: Overload tested at XXX% rated load.
3. FUNCTIONAL: Smooth operation at XXX% rated load.
4. FUNCTIONAL: All safety devices working correctly.
5. FUNCTIONAL: Speeds set within permitted specification.

Model / Type: <machine type>	Manufacture Date: <variable field>
Description: <machine classification>	Country of Manufacture: <variable field>
Model: <model name>	Net Installed Power: <only for IC machines>
Serial Number: <variable field>	Guaranteed Sound Power Level: <only for IC machines>
VIN: <where applicable>	
Manufacturer: <Manufacturer's name>	Authorized Representative: Genie UK Ltd The Maltings Wharf Road Grantham NG31 6BH
Empowered signatory:	Place of Issue: <variable field>
	Date of Issue: <variable field>

Tæknilýsing

Contents of UK Declaration of Conformity - 2

<Manufacturer's name> hereby declares that the machinery described below complies with the provisions of the following Legislation:

1. Supply of Machinery (Safety) Regulations 2008 (SI 2008/1597) as amended (SI 2011/1043, SI 2011/2157, SI 2019/696) conformity assessment procedure according to Part 3, 11. (2) (a) with reference to designated standard EN 280:2013+A1:2015

2. Electromagnetic Compatibility Regulations 2016 (SI 2016/1091) as amended (SI 2017/1206, SI 2019/696) under consideration of designated standard EN 61000-6-2 and EN 61000-6-4

3. Noise Emissions in the Environment by Equipment for use Outdoors Regulations 2001 (SI 2001/1701) as amended (SI 2001/3958, SI 2005/3525, 2015/98) under consideration of Annex V and designated standard EN ISO 3744, internal combustion engine only.

Test Report:
This machine has been tested and passed the following categories prior to entering the market:

1. BRAKES: Brakes working properly in forward and reverse.
2. OVERLOAD: Overload tested at XXX% rated load.
3. FUNCTIONAL: Smooth operation at XXX% rated load.
4. FUNCTIONAL: All safety devices working correctly.
5. FUNCTIONAL: Speeds set within permitted specification.

Model / Type: <machine type>	Manufacture Date: <variable field>
Description: <machine classification>	Country of Manufacture: <variable field>
Model: <model name>	Net Installed Power: <only for IC machines>
Serial Number: <variable field>	Guaranteed Sound Power Level: <only for IC machines>
VIN: <where applicable>	
Manufacturer: <Manufacturer's name>	Authorized Representative: Genie UK Ltd The Maltings Wharf Road Grantham NG31 6BH
Empowered signatory:	Place of Issue: <variable field>
	Date of Issue: <variable field>

Dreift af:

www.genielift.com